

**630. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 27. febrúar 2024  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Lilja Magnúsdóttir (LM), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH), Jónas Snæbjörnsson (JS) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Aðalfulltrúarnir Jóhann Örn Hreiðarsson og Jón Ingi Jónsson boðuðu forföll og sátu varafulltrúarnir Magnús Óskar Hálfðánsson og Jónas Snæbjörnsson fundinn í þeirra stað.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 630 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að mál bætist við hana með málsnúmer 2402100. Var það samþykkt samhljóða og verður málið nr. 1 á fundinum og munu önnur mál færast aftur sem því nemur.

**Dagskrá:**

**1. Fyrri fundur sveitarstjórnar í mars 2024 - 2402100**

Lagt er til að fyrri reglubundni fundur sveitarstjórnar í mars 2024 samkvæmt 8. gr. Samþykktu um stjórn Tálknafjarðarhrepps færist og fari fram mánudaginn 11. mars 2024 og hefjist kl. 17:00.

Þessi færsla er vegna landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fer fram í Reykjavík í þessari viku og annara funda sem eru haldnir í tengslum við þingið.

*Samþykkt samhljóða.*

**2. Fræðslunefnd - 16 - 2402003F**

Fundargerð 16. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 14.02.2024.

*Fundargerðin er staðfest.*

- 2.1 2401075 - Fyrirspurn vegna rannsóknarverkefnis í leikskólakennarafræðum
- 2.2 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024
- 2.3 2310149 - Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði
- 2.4 2401051 - Framhaldsskólanám á sunnanverðum Vestfjörðum
- 2.5 2401060 - Ákvarðanir Persónuverndar um notkun Google Workspace í grunnskólastarfi
- 2.6 2402027 - Hvað er góður skóli? Gæðastarf í leik- og grunnskólum á mannamáli

2.7 2402039 - Fyrirhuguð úttekt á tónlistarskóla

**3. Framkvæmdir 2024 - 2401014**

Á fundinum verður farið yfir stöðu framkvæmda í framkvæmdaáætlun ársins 2024.

*Lagt fram og rætt.*

**4. Fiskeldissjóður 2024 - 2402048**

Á fundinum verður lagt fram minnisblað um mögulegar umsóknir Tálknafjarðarhrepps í Fiskeldissjóð 2024.

*Lagt fram og rætt.*

**5. Lyfjafræðingur á sunnanverðum Vestfjörðum - 2402050**

Erindi frá Lyfju dags. 21.02.2024 vegna bókuunar sveitarstjórnar Tálknafjarðar frá 629. fundi sveitarstjórnar sem fór fram 13.02.2024.

*Lagt fram.*

**6. Grenjavinnsla - 2402096**

Samningar um grenjavinnslu í Tálknafjarðarhreppi lagðir fram.

*Lagt fram.*

**7. Þjóðlendumál: eyjar og sker - 2402054**

Erindi frá Óbyggðanefnd móttakið 13.02.2024 sem í upplýsingarskyni er sent sveitarfélögum sem liggja að sjó. Þar er greint frá því að fjármála- og efnahagsráðherra hafi, fyrir hönd íslenska ríkisins, afhent óbyggðanefnd kröfur um þjóðlendur á svæði 12 sem nefnist „eyjar og sker“ og tekur til landsvæða innan landhelginnar en utan meginlandsins. Um er að ræða sautjándra og síðasta svæðið sem óbyggðanefnd tekur til meðferðar. Óbyggðanefnd kallar eftir kröfum þeirra sem kunna að eiga öndverðra hagsmuna að gæta.

*Lagt fram.*

**8. Drög að borgarstefnu - 2402089**

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 22.02.2024 þar sem vekið er athygli á því að drög að fyrstu borgarstefnu fyrir Ísland hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda ásamt skýrslu með tillögum starfshóps um mótun borgarstefnu sem var gefin út í febrúar 2024.

*Lagt fram.*

**9. Víkingurinn 2024 - 2402091**

Erindi frá Félagi kraftamanna sem barst 22.02.2024 varðandi Víkinginn 2024.

*Lagt fram.*

**10. Fundargerðir Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður - 2209249**

Fundargerð hlutahafafundar Fasteignafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 14.02.2024 og stjórnarfundar sama félags sem fór fram 14.02.2024.

*Lagt fram.*

**11. Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2024 - 2402075**

Fundargerð 146. fundar heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 15.02.2024 ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2023 sem var fjallað um á þeim fundi.

*Lagt fram.*

**12. Fundargerðir 2024 Vestfjarðarstofa - 2402065**

Fundargerðir stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga nr. 58 sem fór fram 10.01.2024 og nr. 59 sem fór fram 14.02.2024.

*Lagt fram.*

**13. Fundargerðir 2024 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2401079**

Fundargerð 943. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 09.02.2024.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:03.**

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Magnús Óskar Hálfðásson (MÓH)

---

Jónas Snæbjörnsson (JS)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)